



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Austurstræti**  
**101 Reykjavík**

Reykjavík 22.05.2019

Tölvupóstnetfang: [Nefndarsvid hjá Althingi.is](mailto:Nefndarsvid hjá Althingi.is)

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála, nr. 130/2011 með síðari breytingum.

Sem hagsmunasamtök um umhverfis- og náttúruvernd þá fögnum við þessu frumvarpi sem rýmkar, eins og segir í frumvarpinu, málskotsrétt okkar samtaka og annarra náttúruverndarsamtaka.

Við fögnum einnig þeirri breytingu sem lýtur að heimildinni að bera úrskurði nefndarinnar til efndislegra meðferðar undir dómstóla ef að okkar mati, úrskurðurinn brjóti í bága við þá hagsmuni sem umhverfis – og náttúruverndarsamtök eiga að gæta. Hagsmunir sem oft verða undir þegar verðmæti eru talin í krónum og aurum.

Við styðjum því heilshugar þetta frumvarp og sýnist okkur að rökstuðningurinn fyrir breytingunum sé vel ígrundaður.

**F. hönd stjórnar Fuglaverndar**  
**Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri**